

Nr.: NÁM - XXX	BORGARHOLTSSKÓLI bókmennt – handmennt - siðmennt	
Útgáfa: 01		
Dags.:21.11.2011		
Höfundur: AMG	LIS 103 – Yfirlit listasögu Námsáætlun, vor, 2012	
Samþykkt:		
Síða 1 af 2		

Kennari/kennarar: Hlynur Helgason	Netfang/netföng: hlynur@bhs.is
--	---

Lýsing:

Í áfanganum læra nemendur um sögu listar í Evrópu frá forn grískri menningu til samtímalistar. Megináhersla verður lögð á myndlist og byggingarlist en aðrar listgreinar munu koma fyrir á þessari löngu og viðburðaríku ferð. Það verður stiklað á stóru og í upphafi verður stokkið yfir löng tímabil og heilu heimsveldin, en þegar nær dregur okkar tíma munu stökkin minnka. Til að byrja með verður kastljósinu beint að alþjóðlegri list, en í seinni hluta áfangans munu nemendur fá innsýn í íslenska myndlist samhliða alþjóðlegum áherslum.

Markmið (þekking, leikni, hæfni):

Í lok áfangans á nemandi að:

- Kunna skil á helstu straumum, stefnum og tímabilum í evrópskri listasögu.
- Geta skoðað og rætt einstaka þætti listasögunnar á greinagóðan hátt
- Geta skoðað nútíma- og samtímalist á gagnrýninn hátt út frá listsögulegum forsendum.
- Gera sér grein fyrir tengslum samfélagslegra þátta og listgreina.
- Þekkja menningarlegar og heimspekilegar forsendur að baki listhugmynda.

Námsmat:

- | | |
|-------------------------|-----|
| • Vikuleg heimaverkefni | 30% |
| • Hópverkefni | 25% |
| • Gagnrýni | 15% |
| • Lokapróf | 30% |

* Vikulegum heimaverkefnum er gefin rökstudd einkunn á skalanum 0–10 þar sem áherslan er á þrjá meginþætti í mati: (1) Gæði í myndlýsingu, (2) Tengingu við sögulegt samhengi og (3) Rökræna uppbyggingu greiningar.

* Hópverkefnum er gefin orðuð einkunn á skala frá „Bágt“–„Snjallt“ þar sem áhersla er á (1) vandaða skoðun á listaverki, listamanni og sögulegu samhengi og (2) hvernig þessu er komið til skila í flutningi.

* Gagnrýni er metin á sama hátt og vikuleg heimaverkefni.

* Í lokaprófi er skilningur á sögulegu samhengi myndlistar metinn með annarsvegar (1) krossaspurningum og (2) myndgreiningum.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Námsgögn:

Gombrich, E. H. *Saga listarinnar*. 1. útg. Reykjavík: Bókaútgáfan Opna ehf., 2009.
 Gögn á tölvutæku formi frá kennara þegar líður á önnina.

Nr.: NÁM - XXX	BORGARHOLTSSKÓLI bókmennt – handmennt - siðmennt	
Útgáfa: 01		
Dags.:21.11.2011		
Höfundur: AMG	LIS 103 – Yfirlit listasögu Námsáætlun, vor, 2012	
Samþykkt:		
Síða 2 af 2		

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmatsþættir
1	6. jan.		
2	9.-13. jan.	1 FORENDURREISN	Heimaverkefni 1, Hópverkefni 1
3	16.-20. jan	2 ENDURREISNIN	Heimaverkefni 2, Hópverkefni 2
4	23.-27. jan	3 BAROKKLISTIN	Heimaverkefni 3, Hópverkefni 3
5	30. jan-3. feb.	4 NÝKLASSÍK	Heimaverkefni 4, Hópverkefni 4
6	6.-10. feb.	5 RÓMANTISKA STEFNAN	Heimaverkefni 5, Gagnrýni 1
7	13.-17. feb.	6 RAUNSAEI 19. ALDAR	Heimaverkefni 6
8	20.-24. feb.	7 HRIFSTÍLL	Heimaverkefni 7, Hópverkefni 7
9	27. feb.-2. mars	8 SÍÐHRIFSTÍLL	Heimaverkefni 8, Hópverkefni 8
10	5.-9. mars	9 DADA OG OFURRAUNSAEI	Heimaverkefni 9, Gagnrýni 2
11	12.-16. mars	10 FRAMÚRSTEFNA	Heimaverkefni 10
12	19.-23. mars	11 TJÁSTÍLL OG POPPLIST	Heimaverkefni 11, Hópverkefni 11
13	26.-30. mars	12 NAUMHYGGJA	Heimaverkefni 12, Hópverkefni 12
14	2.-10. apr.	Páskaleyfi	
15	11.-13. apr.	13 HUGTAKALIST	Heimaverkefni 13, Gagnrýni3
16	16.-20. apr.	14 SÍÐNÚTÍMI	Heimaverkefni 14
17	23.-27. apr.	15 SAMTÍMI	Hópverkefni 15

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.